

Dreifibréf nr. 3/2002/LS

Lyfjastofnun vill að gefnu tilefni vekja athygli lyfsala á eftirfarandi ákvæðum varðandi ráðningu staðgengils lyfsöluleyfishafa og starfsleyfi lyfjafræðinga og lyfjafræðikandídata.

Ráðning staðgengils lyfsöluleyfishafa.

Lyfsali, sem starfar einn í lyfjabúð, þarf samþykki Lyfjastofnunar til þess að ráða staðgengil, ef hann ætlar í leyfi, sbr. 40. gr. reglugerðar nr. 426/1997 um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir. Lyfjastofnun fellst að öllu jöfnu á ráðningu staðgengils lyfsöluleyfishafa, ef hann hefur fullgilt starfsleyfi lyfjafræðings.

Starfsleyfi lyfjafræðinga.

Lyfjafræðingur hefur ekki starfsleyfi nema það sé útgefið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. lög um lyfjafræðinga nr.35/1978. Sá sem sækir um starfsleyfi þarf að hafa lokið háskólanámi í lyfjafræði frá viðurkenndum háskóla (skírteini háskólans þarf að liggja fyrir) auk þess að hafa starfsþjálfun í alls 9 mánuði, þar af þrjá að loknu kandiðatsnámi.

Þar til starfsleyfi liggur fyrir hefur lyfjafræðikandiðat sömu starfsréttindi og aðstoðarlyfjafræðingur, sbr. 47. gr. reglugerðar nr. 426/1997, en þar segir m.a. að lyfjafræðinema sé óheimilt að sinna störfum í lyfjabúð nema á ábyrgð og undir umsjón lyfjafræðings.

Undanþágur frá ákvæðum laga.

Í 2. málsgrein 3.gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978 segir að heimilt sé að víkja frá ákvæðum 4. töluliðar í sömu grein (þ.e. ákvæði um starfsþjálfun í 9 mánuði), ef sérstakar ástæður mæla með því, þegar sótt er um starfsleyfi lyfjafræðings.

Seltjarnarnesi 28. febrúar 2002

Lyfjastofnun